

Á g r i p

af reikningi landsbankans frá 1. apríl til 30. júní 1894.

Tekjur:

1.	Í sjóði 1. apríl 1894		138,168 79
2.	Borgað af lánum:		
	a. Fasteignarveðslán	11,779 31	
	b. Sjálfsskuldarábyrgðarlán	15,717 03	
	c. Handveðslán	5,205 80	
	d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl.	100 00	
	e. Reikningslán	30 00	32,832 14
3.	Víxlar innleystir		44,206 21
4.	Ávisanir innleystar		10,814 13
5.	Seðlar frá landssjóði		24,000 00
6.	Vextir		8,300 26
7.	Diskonto		791 64
8.	Ýmislegar tekjur		35 25
9.	Frá Landmandsbankanum (fyrir seldar ávisanir o. fl.)		52,474 86
10.	Innlög á hlaupareikning		66,350 00
11.	Sparisjóðsinnlög		99,688 42
12.	Innheimt fje fyrir aðra		184 56
			<u>477,846 26</u>

Gjöld:

1.	Lán veitt:		
	a. Fasteignarveðslán	21,450	
	b. Sjálfsskuldarábyrgðarlán	32,735	
	c. Handveðslán	10,780	64,965 00
2.	Víxlar keyptir		68,260 61
3.	Ávisanir keyptar		13,068 07
4.	Til Landmandsbankans		52,960 42
5.	Útborgað af innstæðufje á hlaupareikning		61,324 98
6.	Útborgað af sparisjóðsinnlögum	106,488 05	
	að viðbættum dagvöxtum	206 88	106,694 93
7.	Útborgað af innheimtu fje		10 40
8.	Keypt útlend skuldabréf, að upphæð		1,000 00
9.	Útgjöld fyrir varasjóð bankans		2,015 00
10.	Akkreditiv lán		502 50
11.	Kostnaður við bankahaldið (laun o. fl.)		3,156 20
12.	Ýmisleg útgjöld		138 78
13.	Bráðabirgðaútborganir fyrir aðra		25 33
14.	Í sjóði		<u>103,724 04</u>
			477,846 26

68

Athugasemdir :

Landsbankinn átti 30. júní 1894:

1. Skuldabrjef fyrir lánum :		
a. Fasteignarveðsskuldabrjef	754,833	31
b. Sjálfsskuldarábyrgðarskuldabrjef	153,093	67
c. Handveðsskuldabrjef	61,123	00
d. Skuldabrjef fyrir lánum gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl.	274	24
		<hr/>
		993,009 00
2. Kgl. ríkisskuldabrjef, hljóðandi upp á 237000 kr. eptir gang- verði 31. desbr. f. á	223,372	50
3. Skuldabrjef Reykjavíkur kaupstaðar	1,500	00
4. Erlend skuldabrjef	1,000	00
5. Vixlar	64,472	70
6. Ávisanir	2,739	00
7. Fasteignir lagðar bankanum út fyrir lánum að upphæð . . .	750	00
8. Hjá Landmandsbankanum	26,406	35
9. Akkreditiv skuld	502	50
10. Skuldir út af bráðabirgðagreiðslum	25	33
11. Í sjóði	103,724	04
		<hr/>
		1,417,501 42
Seðlaskuld bankans til landssjóðs var 30. júní 1894	500,000	00
Innstæðufje á hlaupareikning s. d.	116,372	88
Innstæðufje með sparisjóðskjörum s. d.	640,738	76
Varasjóður bankans s. d.	114,121	22
Innheimt fje í geymslu	184	56
Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur 30. júní 1894	16,232	80
Ýmsar tekjur sem enn eru eigi lagðar við varasjóð	29,851	20
		<hr/>
		1,417,501 42

Stjórn landsbankans 20. júlí 1894.

Tr. Gunnarsson. Eiríkur Briem. B. Kristjánsson.

69

Reglugjörð

um grenjaleitir og refaeyðing í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Sjerhver hreppsnefnd skal annast um grenjaleitir og grenjavinnslu í heima- og afrjettarlöndum hrepps síns, og því í tæka tíð á hverju vori útnefna svo marga kunnuga og áreiðanlega menn, sem þörf er á, til þess að grenjaleit geti orðið, sem víðast sama dag; hver innanhreppsmaður er skyldur til þess starfa, ef forföll ekki banna, gegn sanngjarnri borgun.